



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 10 119. ár

27. janúar 2026

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Innköllun dánarbús - Sigríður A Jóhannsdóttir

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 10. desember 2025 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Sigríður A Jóhannsdóttir,
kt. 1010482419,
síðasta heimilisfang:
Kaplaskjólsvegur 93, Reykjavík

Dánardagur:

28. júní 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík.

Reykjavík
Hilmar Magnússon lögmaður
20260126004A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Innköllun protabús - Bifreiðþjónusta Harðar ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Vesturlands uppkveðnum 21. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Bifreiðþjónusta Harðar ehf.,
kt. 6610052030,
Borgarbraut 55, Borgarbyggð

Frestdagur:

25. október 2025

Skiptafundur:

fimmtudagur
16. apríl 2026
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 22. janúar 2026

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögmaður
20260126006A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Innköllun dánarbús - Sverrir Skaftason

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 18. desember 2025 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Sverrir Skaftason,
kt. 2505424969,
síðasta heimilisfang:
Mávabraut 9, Reykjanesbæ

Dánardagur:

9. september 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 105 Reykjavík, LEX lögmannsstofa.

Reykjavík, 21. janúar 2026
f.h. Fjölnis Ólafssonar skiptastjóra
Þórunn Eylands H. lögfræðingur
20260126008A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Lögreglumenn í sumarafleysingar - Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum eru lausar til umsóknar stöður lögreglumanna í sumarafleysingar. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðurnar frá og með 1. júní 2026.

Hjá embættinu starfa um 200 manns í ólíkum og krefjandi störfum. Í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum er Keflavíkurflugvöllur sem gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu almannaflegs á Íslandi og tengir landið við Evrópu og Norður-Ameríku. Í fjölmennu liði lögreglunnar á Suðurnesjum býr mikill þróttur og góð þekking þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, starfsánægju, heilbrigðan starfsanda og góð samskipti. Við ráðningar hjá LSS er tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Almennar upplýsingar um verksvið og ábyrgð lögreglumanns má finna í 11. gr. reglugerðar nr. 1051/2006, um starfsstig innan lögreglunnar. Meðal verkefna lögreglumanns er að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun flugverndar með jákvæðri umsögn. Lögreglustjóri mun nýta sér heimild lögreglulaga til að ráða starfsmenn sem hafa ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar, að því gefnu að ekki fái stætur fjöldi menntaðra lögreglumanna í lausar stöður.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Starfið er vaktavinna.

Athygli umsækjenda er vakin á heimild til að skoða sakaferil umsækjenda um starf í lögreglu en samkvæmt 28. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996 er mælt fyrir um að engan megi skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Starfatorgs og láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja með sem viðhengi.

Einungis er tekið við umsóknum með þessum hætti. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Varðandi persónuverndarákvæði gagnvart umsækjendum, sjá vef lögreglunnar: [Suðurnes | Lögreglan](#)

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2026.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Þórdís Þorgilsdóttir, ktt01@logreglan.is, 444 2200.

Reykjanesbæ, 21. janúar 2026
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
20260126001A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Skiptalok - db. Knút Petur í Gong

Það tilkynnist hér með að opinberum skiptum á dánarbúi Knút Petur í Gong, kt. 270750-2069, er hér með lokið frá og með deginum í dag en úhlutunarfrumvarp hefur verið lagt fram og samþykkt af hálfu lög- og bréferfingja.

Kópavogi, 23. janúar 2026
f.h. Oddgeirs Einarssonar lögmanns,
Jóna Vestfjörð Hannesdóttir.
20260126005A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Löggilding til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er löggilding Halldórs Gunnlaugssonar, kt. 260976-5839, til endurskoðunarstarfa, orðin virk að nýju.

Reykjavík, 19. janúar 2026
Endurskoðendaráð
20260126003A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Sigurlaug Þ. Ragnarsdóttir, kt. 1707645289, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 6.064.653 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 111.396 frá 1.3.2025 til 1.9.2025, en af kr. 187.156 frá þeim degi til 29.10.2025, en af kr. 6.064.653 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-76237.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmáður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Rakel Elíasdóttir, kt. 060781-4519, Reynihvammi 23, Kópavogi.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu fjögurra skuldabréfa á árunum 1990-1992, en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi; nr. T-158559 kr. 603.024, nr. T-190534 kr. 138.548, nr. T-201552 kr. 662.942, og nr. T-224703 kr. 107.521.

Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda giltu um námslán og umsókn hennar lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Samkvæmt 7. gr. laganna eru lán stefnanda verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar sem greiðsla fer fram. Námslán skv. lögum nr. 72/1982 eru vaxtalaus.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok skv. lögnum. Eftir námslok voru öll T-skuldabréfin reiknuð til sameiginlegrar vísitölu og innheimt í einu undir sérstöku lánsnúmeri S-954093, en í 2. másl. 3. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um að reikna lánin til einnar skuldar. Var fjárhæð hvers T-skuldabréfs uppreiknuð miðað við grunnvísitölu skuldabréfanna til lánskjaravísitölu þess mánaðar sem lánin voru reiknuð til einnar skuldar í janúar 1995, en lánskjaravísitala í janúar 1995 er 3.385 stig. Sú vísitala myndar grunnvísitölu við útreikning á T-skuldabréfunum undir númerinu S-954093. Reiknast svo:

númer láns	lánsfjárhæð	gr. vísitala	uppreikn m.v. vt. jan. 1995
T-158559	603.024	2992	682.231
T-190534	138.548	3089	151.824
T-201552	662.942	3198	701.707
T-224703	107.521	3207	113.489
		Samtals	1.649.251

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 eru tveir gjalddagar á ári, annars vegar föst afborgun á fyrri hluta árs og hins vegar tekjutengd afborgun á síðara hluta árs. Lánið hefur verið í vanskilum frá 1.9.2020 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalldaga þann 29.9.2025.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
1.3.2025	111.396
1.9.2025	75.760

Gjaldfelldar eftirstöðvar 29.9.2025

5.877.497

Eða alls kr. 6.064.653 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi, með undirritun sinni á skuldabréfin sem uppreiknuð voru til einnar skuldar undir númerinu S-954093, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 72/1982 og í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr laga nr. 91/1991. Stefnda er skráð með ótilgreint lögheimili í Þjóðskrá og á stefnandi því ekki aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efnidir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr 42. gr. laga nr 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubríf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 10. mars 2026 kl 10:00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. janúar 2026

f.h. stefnanda

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

20260126002A

Útgáfud.: 26. janúar 2026

Svipting fjárræðis

„Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23.janúar 2026 í máli nr. L-3917/2025 var Ragnheiður V. Rögnvaldsdóttir, kt. 200754-3609, svipt fjárræði í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 26. janúar 2026

Sóley Ólöf Rún Guðmarsdóttir

20260126007A

Lögbirtingablað,

10. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.